

Af hverju tilbiðja kaþólskir brauð?

Brauðið sem kaþólskir tilbiðja í heilagri Messu, eftir gjörbreytingu þess, er eins og að ofan greinir ekki lengur í eðli sínu brauð. Fyrir kraft Guðs og framburð sömu orða, sem Jesús sjálfur mælti við Síðustu kvöldmáltíðina, hefur presturinn, sem postullegur staðgengill Krists á jörðu, verið kallaður til sömu starfa og lærisveinar Krists. Eitt meginhlutverk kaþólskra presta felst í því postullega hlutverki að bera fram einu og sömu krossfórnina, þar sem Kristur endurfórnar sínum himneska Föður krossdauða sínum í óblóðugri fórn, á sama hátt og Kristur sjálfur við Síðustu kvöldmáltíðina er Hann gaf fyrirheit um Hið Allrahelgasta Altarissakramenti og gjörbreytti brauðinu og víninu í líkama sinn og blóð og mælti: „Takið og etið; þetta er minn líkami, sem (nú á þessu augnabliki) fyrir yður og fyrir marga verður útgefinn (fórnað).“ Síðan tók Hann kaleikinn, blessaði hann, gaf postulum sínum og mælti: „Drekkið hér af allir; því þetta er mitt blóð, blóð hins nýja sáttmála, sem (nú á þessu augnabliki) verður úthellt fyrir yður og marga til fyrirgefningar syndanna. – Gjörið þetta í mína minningu.“ Heilög messufórn er þannig ein og sama fórn og krossfórnin, því að bæði fyrr og nú og allt til enda veraldar er það Kristur, sem fórnar og er fórnað. En aðferðin er ekki hin sama. Með athöfn prestsins fórnar Kristur sjálfum sér himneskum Föður sínum á undursamlegan hátt í myndum brauðs og vins. Kristur dó í raun og veru á krossinum, en Hann deyr ekki í heilagri Messu, heldur endurnýjar Hann þar, okkar vegna, krossdauða sinn á óblóðugan hátt og biður söfnuðinn að minnast þess: er Hann mælir: „Gjörið þetta í mína minningu.“ (sjá Mt 26:26-29; Lk 22:19-21).

Til frekari áhersluauka og áminningar um það kraftaverk gjörbreytingar sem á sér stað í kaþólskri Messu, og hefur átt sér stað allt frá Síðustu kvöldmáltíðinni, áréttar Jesús: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Ef þér etið ekki hold Mannssonarins og drekkið blóð hans, hafið þér ekki líf í yður. Sá sem etur hold mitt og drekkur blóð mitt, hefur eilíft líf, og ég reisi hann upp á efsta degi. Hold mitt er sönn fæða, og blóð mitt er sannur drykkur. Sá sem etur hold mitt og drekkur blóð mitt, er í mér og ég í honum. Eins og hinn lifandi faðir sendi mig og ég lifi fyrir föðurinn, svo mun sá lifa fyrir mig sem mig etur.“ (Jh 6:53-58). Enn fremur gaf Hann Gyðingum og öðrum viðstöddum hið sama fyrirheit er Hann á götum úti boðaði gjörbreytingu brauðs og vins í hold sitt og blóð og sagði: „Það brauð, sem ég mun gefa yður, er mitt hold, heiminum til lífs.“ (6:51-52) Mörgum lærisveinum Hans og öðrum áheyrendum þótti þetta þung ræða og kurr varð meðal þeirra, og margir spurðu sömu spurningar og að ofan greinir „Hvernig getur Hann gefið oss hold sitt að eta?“ Eða, eins og spurt er í dag, „af hverju tilbiðja kaþólskir brauð?“ Líkt og í dag hneyksluðust þeir áheyrendur Jesú, sem áttu erfitt með að fórnfæra sinn mannlega skilning fyrir trú á slíkan yfirskilvitlegan boðskap um „brauð lífsins“ og þeim var spurn: „Hvernig getur þessi maður gefið oss hold sitt að eta?“ (Jh

6:52) og „Upp úr þessu hurfu margir af lærisveinum hans frá og voru ekki lengur með honum“ (Jh 6:66).

Þessi kurr meðal vantrúaðra gaf tilefni til að Kristur spurði lærisveina sína hvort þeir ætluðu einnig að yfirgefa Hann. Pétur, sem kjörinn hafði verið fyrirliði postulanna, varð fyrir svörum og mælti: „Herra til hvers ættum við að fara? Þú hefur orð eilífs lífs, og vér trúum og vitum, að þú ert hinn heilagi Guðs.“ (Jh 6:68-70). Þessi orð eilífs lífs, sem á dögum Krists ollu slíkum deilum að margir lærisveina Hans yfirgáfu Hann eru fyrirheit Hans um brauð lífsins, Hið gjörbreytta brauð í líkama Hans og blóð, - fyrirheitið, sem Hann bauð heiminum til lífs er Hann mælti: „það brauð, sem ég mun gefa yður, er mitt hold heiminum til lífs.“ Og til frekari áherslu á þá andlegu lífgjöf, sem felst í hinu gjörbreytta brauði og víni áminnti Hann: „Ef þér etið ekki hold Mannssonarins og drekkið ekki blóð Hans, hafið þér ekki lífið í yður. Sá, sem etur mitt hold og drekkur mitt blóð, hefur eilíft líf og ég mun uppvekja hann á efsta degi; því að hold mitt er sannarlega fæða og blóð mitt sannarlega drykkur.“ (Jóh. 6.52-56) Þessi orð Krists gáfu tilefni til að margir yfirgáfu Hann, eins og fyrr segir, og gera enn í dag af sömu sökum.

Krafan um að trúá út fyrir mannleg skynsemismörk, að trúá óskilyrt, er jafngild í dag meðal kristinna manna og hún var á dögum postulanna og því snúa kaþólskir ekki baki við þessum boðskap Krists varðandi gjörbreytingu efnis í hold Hans og blóð, heldur beinist staðföst trú þeirra að altari Guðs í heilagri Messu --að þeir megi meðtaka hina guðdómlegu helgandi og styrkjandi náð, hinn sanna líkama og blóð Jesú Krists, í Hinu Allrahelgasta Altarissakramenti. Allt frá dögum postulanna til vorra daga, hefur heilög messuförn verið fram borin í Kaþólsku kirkjunni. Staðfestingu á þessari staðreynd og þessum skilningi kaþólskra kenninga á orðum Krists við Síðustu kvöldmáltíðina má sannreyna í ritum kirkjuféðranna, sem uppi voru frá 1.-4. öld. Þar á meðal er Ireneus biskup hinn helgi (dáiinn árið 202), en hann ritar: „Kenning Jesú færði oss nýja fórn; kirkjan fékk hana í arf eftir postulana og ber hún hana fram um alla jörðina.“ Cyrillus hinn helgi í Jerúsalem (dáiinn árið 386) kemst réttilega að orði, er hann segir: „Fyrst Jesús segir sjálfur: ‘þetta er líkami minn,’ hver getur þá efast um, að það sé satt? Og fyrst hann segir skýrt og skorinort ‘Þetta er mitt blóð’ hver getur þá efast og haldið, að þetta sé ef til vill ekki blóð hans? Hann breytti forðum vatni í vín, hví skyldum vér þá ekki trúá orðum hans, er hann segir, að nú ætli hann að breyta víni í blóð sitt?” Gjörvöll Kaþólska kirkjan hefur frá fyrstu tímum kristni trúáð þessari skíru kenningu Jesú Krists um návist hans í Hinu Allrahelgasta Altarissakramenti og eru Kirkjuféðurnir úr frumkirkjunni sömu skoðunar og trúar eins og ofangreint er og skjalfest er frekar í ritum þeirra m.a. í riti heilags Justin Martins, píslarvotts, eins virtasta heimspekings og guðfræðings frumkirkjunnar, en þar segir: „Þessi fæða sem við köllum Evkaristiu og engin má gerast þáttakandi í að meðtaka nema sá sem trúir því að það sem við kennum

sé sannleikur og hefur enn fremur hlotið fyrirgefningu synda sinna og þar með endurfæðst, og sem lifir í samræmi við þann boðskap sem Kristur hefur miðlað okkur. Því við meðtökum þetta ekki sem venjulegt brauð eða venjulegan drykk; heldur sem Jesús Krist Frelsara vorn. Þannig hefur okkur einnig verið kennt að sú fæða sem gerbreytt hefur verið fyrir orð gerbreytingarbænarinnar, sem frá Honum er kominn, og nærir og umskapar hold okkar og blóð, sé í raun hold og blóð hins holdtekna Jesú.“ („First Apology“, Ch 66, inter A.D. 148-155: Justin Martin, Hann var háalshöggvin á tímabilinu 163-167 A.D.)

Þessi sama Messuförn hefur haldist óbreytt frá því á dögum Krists og postulanna, á meðan helgi hennar og hátíðleiki hefur í aldanna rás skryðst æ fegurri lof-, þakkar-, friðþægingar- og bænargjöfum. Án Messunnar, hins lifandi brauðs, eins og Kristur nefnir sjálfan sig í Heilagri ritningu, væri heimurinn löngu liðinn undir lok og því lýsti kirkjuþingið í Trident því yfir að hver sá, sem ekki trúir þessu, er ekki hluti af þeirri katólsku frumkirkju sem Kristur stofnaði.

Þegar í Gamla Testamentinu boðar Guð hina heilögu Messuförn með orðum Malakíasar spámanns: „Frá upprás allt til sólarlags mun nafn mitt mikið verða meðal þjóðanna, og allsstaðar er fórnað nafni mínu til heiðurs og hrein matförn framreidd.“ (Mal 1:11). Förn Malakíasar er fyrirmynd heilagrar messuförnar. Aðeins í heilagri messuförn rætist spádómurinn: "Þú ert prestur að eilífu að hætti Melkisedeks." (Sálm. 109) Páll postuli minnir enn fremur á í skrifum sínum að heilagleiki altaris kristinna manna, sé svo mikill að gyðingar þeir, sem afneitað hafa Kristi sem sínum Messías, hafi ekki leyfi til þess að neyta af því. Eða eins og segir í Heilagri ritningu: „Vér höfum altari (fórnarborð) og hafa þeir, er tjaldbúðinni þjóna ekki leyfi til þess að eta af því“. (Heb 12:10) Einnig áminnir Páll postuli áhangendur Krists um að séu menn ekki í náðarástandi, þá megi þeir ekki meðtaka líkama og blóð Jesú Krists í Hinu Allrahelgasta Altarissakramenti, því „Hver sem etur brauðið eða drekkur bikar Drottins óvirðuglega, verður þess vegna sekur við líkama og blóð Drottins. Hver maður prófi sjálfan sig og eti síðan af brauðinu og drekki af bikarnum. Því að sá sem etur og drekkur án þess að dæma rétt um líkamann, hann etur og drekkur sjálfum sér til dóms.“ (1 Kor 11:27-30) Varla þarf að taka fram að engin, sem etur venjulega brauðsneið etur sér til fordæmingar né sá sem drekkur glas af víni. (Sjá einnig Rm 11:25 ff. varðandi trúarsamskipti gyðinga og kristinna manna).

Náðaráhrif heilags Altarissakramentis:

Það eykur hið yfirnáttúrulega líf í sál okkar;

Það hreinsar oss frá smásyndum og verndar okkur frá stórsyndum;

Það dregur úr illum tilhneigingum hjá okkur og veitir okkur löngun og þrek til að lifa guðrækilegu lífi;

Það er okkur trygging dýrlegrar upprisú og sælu í himnaríki.

Kristur segir: „Sá sem etur mitt hold og drekkur mitt blóð, sá er í mér og ég í honum.”

(Jóh 6.57) „Sá sem etur hold mitt hefur eilíft líf og ég mun uppvekja hann á efsta degi.”

(Jóh. 6.55)

Dr. Gígja Gísladóttir: Trúvörn